

## Auglýsing

um friðlandið Lundey í Kollafirði.

1. gr.

### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að friðlýsa Lundey í Kollafirði sem friðland í samræmi við 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lundey liggur í innanverðum Kollafirði milli Geldinganes og Brimness á Kjalarnesi og er um 400 metra löng og 150 metra breið þar sem hún er breiðust. Hún er lægst að austanverðu en hækkar til vesturs og er um 14 m.y.s. þar sem hún er hæst. Í Lundey hefur fundist fjöldi tegunda háplantna, má þar helst nefna haugarfa, vallarsveifgras, túnsúru, túnvingul og brennisóley. Vel gróna bletti er að finna með gulstör þar sem hún blandast með haugarfa sem er afar sjaldgæft. Fjölskrúðugt varp sjófugla er í eygni en allir algengustu varpfuglarnir eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2018: lundi, rita, æður og teista. Hátt í 10.000 lundapör verpa í eygni.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978).

Friðlýsta svæðið er 1,74 km<sup>2</sup> að stærð. Flatarmál sjávar er 1,7 km<sup>2</sup> og flatarmál lands er 0,04 km<sup>2</sup>.

2. gr.

### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu Lundeyjar er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013, með því að vernda mikilvægt fuglasvæði í nágrenni Reykjavíkur auk sérstæðs gróðurlendis. Í Lundey er mikilvægt varpsvæði sjófugla sem skráðir eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018), m.a. lunda, ritu, teistu og æðarfugls og er markmiðið jafnframt að vernda bú- og varpsvæði þessara tegunda.

Einnig er markmiðið að vernda lífríki í fjöru og á grunnsævi, lífríki á hafsbotni og hafsbotninn sjálfan.

3. gr.

### *Mörk friðlandsins.*

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti í viðauka I og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka II.

Friðlýsingin nær til eyjarinnar og hafssvæðisins umhverfis hana, hafsbotns, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.

### *Umsjón með friðlandinu.*

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur friðlandsins, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd. Stofnunin getur falið öðrum umsjón með friðlandinu skv. 1. mgr. 85. gr. sömu laga og er þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón og rekstur friðlandsins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

Landeiganda er heimilt að gera leigusamning um Lundey og nýttar að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Samningurinn skal vera í samræmi við auglýsingu um friðlýsingu svæðisins, stjórnunar- og verndaráætlun og sett lög. Í samningnum skulu vera skilyrði þess efnis að nýting svæðisins skuli ekki rýra verndargildi þess og að brot á samningi skuli leiða til uppsagnar hans.

5. gr.

*Stjórnunar- og verndaráætlun.*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Reykjavíkurborg, landeigendur og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, fræðslu og miðlun upplýsinga og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, aðgerðir til að bregðast við ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, mannvirkjagerð og nýttar.

6. gr.

*Umferð um friðlandið.*

Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins á varptíma fugla frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 7. gr.

Leigutaka er heimilt að fara í land á varptíma í samræmi við ákvæði í leigusamning.

Hámarkshraði farartækja á sjó innan friðlandsins eru 4 sjómílar.

Umferð vatnatækja s.s. sjókatta og seglbretta innan friðlandsins er óheimil á varptíma frá 20. maí til 20. ágúst. Siglingar smábáta, svo sem vegna útsýnisferða, eru heimilar allt árið um kring að teknu tilliti til 3. mgr.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu á varptíma, frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilin er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna, björgunar- eða lögregluaðgerða.

7. gr.

*Dvöl í friðlandinu.*

Óheimilt er að fara í land í Lundey á varptíma fugla frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

8. gr.

*Rannsóknir og vöktun.*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í friðlandinu, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Reykjavíkurborg, landeiganda og Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Reykjavíkurborg, landeiganda og Umhverfisstofnun. Rannsóknaraðilar í umboði Náttúrufræðistofnunar skulu tilkynna Umhverfisstofnun og landeiganda áður en farið er í eyjuna.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en framangreindar eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

*Verndun gróðurs og dýralífs.*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur sem er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar með það að markmiði að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Heimilt er að grípa til aðgerða til að bregðast við ágengum tegundum. Nánar skal fjalla um aðgerðir í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lífverur innan friðlandsins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000, og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Nánar skal fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að stunda fiskeldi eða annað eldi sjávardýra innan verndarsvæðisins.

11. gr.

*Vernd menningarminja.*

Um verndun menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

*Landnotkun, mannvirkjagerð og nytjar.*

Mannvirkjagerð og efnistaka, þ.m.t. í sjó, er óheimil í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Jarðrask í friðlandinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og landeiganda og skal vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Nýting æðarfugls er heimil með samþykki landeiganda. Komi til nýtingar leigutaka skal gera um hana sérstakan samning við landeiganda um nytjar í friðlandinu, að höfði samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna athafna og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski eða truflun fyrir lífríki svæðisins, s.s. ljósmyndun, kvikmyndataka, viðburðir eða önnur verkefni.

13. gr.

*Veiðar og notkun skotvopna.*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu er notkun skotvopna til minkaveiða. Bannað er að hafa eyna að skotmarki, hvort heldur er af landi, sjó eða úr lofti.

Veiðar á fuglum eru óheimilar innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Netaveiðar eru óheimilar innan friðlandsins.

14. gr.

*Viðurlög.*

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

15. gr.  
*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Efnistaka Björgunar ehf. er heimil á hafsbotni innan svæðisins til 29. júní 2021 í samræmi við leyfi Orkustofnunar dags. 29. júní 2009. Heimildin fellur úr gildi að loknum gildistíma leyfisins.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 8. júní 2021*

# VIÐAUKI I

## Kort af friðlýsta svæðinu.



 <a href="http://www.ust.is">http://www.ust.is</a>	Lundey	 Friðlandið Lundey	Flatarmál: 1,74 km <sup>2</sup>
			Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
			Hnattstaða: ISN93
			Kortagerð: Guðni Hannesson LMI
			Dags: 03.05.2021
			© Landmælingar Íslands

**VIÐAUKI II**  
**Hnitaskrá.**

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	362992	411723	24	361961	412071	47	362687	413017
2	362862	411714	25	361912	412121	48	362694	413016
3	362754	411734	26	361867	412180	49	362797	412969
4	362702	411753	27	361836	412226	50	362838	412945
5	362676	411763	28	361808	412271	51	362858	412933
6	362663	411767	29	361791	412308	52	362892	412913
7	362614	411775	30	361769	412355	53	362964	412864
8	362557	411789	31	361737	412467	54	363024	412801
9	362533	411796	32	361735	412612	55	363028	412798
10	362507	411801	33	361763	412729	56	363053	412776
11	362484	411810	34	361820	412861	57	363100	412728
12	362481	411810	35	361974	413024	58	363106	412720
13	362434	411822	36	362162	413086	59	363110	412716
14	362398	411832	37	362297	413096	60	363131	412695
15	362390	411833	38	362368	413085	61	363377	412608
16	362300	411851	39	362402	413079	62	363469	412010
17	362219	411894	40	362444	413069	63	363189	411805
18	362177	411918	41	362470	413062	64	363162	411792
19	362148	411939	42	362470	413062	65	363141	411779
20	362140	411944	43	362490	413060	66	363080	411751
21	362119	411956	44	362507	413058	67	362992	411723
22	362055	411994	45	362546	413054			
23	361999	412037	46	362611	413043			